

Sjúkratryggingar Íslands
08 202

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstjóra	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Sjúkratryggingar Íslands

kt. 480408-0550

Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstjóra

Sjúkratryggingar Íslands eru ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin annast framkvæmd sjúkratrygginga og jafnframt semur hún um og greiðir fyrir heilbrigðisþjónustu með það að markmiði að styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og kostnaðargreina þjónustuna.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 2.062,0 milljónir og afkoma kr. 58,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 27,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 429,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sjúkratrygginga Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstjóri staðfestir hér með ársreikning Sjúkratrygginga Íslands fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. október 2021

María Heimisdóttir
Forstjóri

Stjórn;

Vilborg Þ. Hauksdóttir, formaður

Guðjón Bjarni Hálfðánarson, varaformaður

Guðmundur Magnússon, meðstjórnandi

Jónína Guðmundsdóttir, meðstjórnandi

Valgerður Sveinsdóttir, meðstjórnandi“

(Undirritun rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.242.729.722	1.084.300.000
Seld þjónusta	3	4.132.192	7.975.413
Vörusala		53.112	0
Framlög og ýmsar tekjur	4	795.978.893	743.465.676
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	19.104.888	18.419.720
Tekjur samtals		2.061.998.807	1.854.160.809
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.312.599.910	1.227.978.795
Annar rekstrarkostnaður	6	672.234.398	651.237.839
Afskriftir	7	19.104.888	18.419.720
Gjöld samtals		2.003.939.196	1.897.636.354
Afkoma fyrir fjármagnsliði		58.059.611	(43.475.545)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		743	102.901
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(44.472)	(73.828)
		(43.729)	29.073
Afkoma ársins		58.015.882	(43.446.472)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	49.015.882	(65.146.472)
Rekstrartilfærslur		9.000.000	21.700.000
		58.015.882	(43.446.472)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		55.433.707	61.309.023
Farartæki og vélar		6.042.672	11.724.152
Verk í vinnslu		14.901.280	0
Fastafjármunir samtals		<u>76.377.659</u>	<u>73.033.175</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		111.538	63.744.700
Tengdir aðilar	9	84.381.066	21.501.877
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	30.669.017	18.023.487
Handbært fé	11	238.281.123	62.995.018
Veltufjármunir samtals		<u>353.442.744</u>	<u>166.265.082</u>
Eignir samtals		<u>429.820.403</u>	<u>239.298.257</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		27.297.376	(30.718.506)
Eigið fé samtals		<u>27.297.376</u>	<u>(30.718.506)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	81.663.540	52.803.604
Viðskiptaskuldir		99.857.136	26.014.684
Ýmsar skammtímaskuldir	13	127.381.227	116.602.462
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	93.621.124	74.596.013
Skuldir samtals		<u>402.523.027</u>	<u>270.016.763</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>429.820.403</u>	<u>239.298.257</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		58.015.882	(43.446.472)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	19.104.888	18.419.720
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(19.104.888)	(18.419.720)
		<u>58.015.882</u>	<u>(43.446.472)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		50.987.632	27.405.307
Tengdir aðilar		(18.338.626)	72.717.129
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		84.621.217	1.919.787
		<u>117.270.223</u>	<u>102.042.223</u>
		<u>175.286.105</u>	<u>58.595.751</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(9.699.981)	(6.157.800)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		(14.901.280)	702.000
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		2.281.888	0
		<u>(22.319.373)</u>	<u>(5.455.800)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		22.319.373	5.455.800
		<u>22.319.373</u>	<u>5.455.800</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		175.286.105	58.595.751
		<u>62.995.018</u>	<u>4.399.267</u>
		<u>238.281.123</u>	<u>62.995.018</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Skýringar

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.242.729.722	1.084.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	19.104.888	18.419.720
	<u>1.261.834.610</u>	<u>1.102.719.720</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.204.900.000	0	0	1.204.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	28.829.722	9.000.000	0	37.829.722
Fjárveiting til tekna	1.233.729.722	9.000.000	0	1.242.729.722
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(1.184.713.840)	0	0	(1.184.713.840)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	49.015.882	9.000.000	0	58.015.882

	2020	2019
3 Seld þjónusta		
Veitinga- og gistipjónusta	4.132.192	7.975.413
	<u>4.132.192</u>	<u>7.975.413</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	0	(474.806)
Kostnaðarhlutdeild	785.919.460	699.835.454
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	(5.024.941)	17.873.039
Ýmsar tekjur	15.084.374	26.231.989
	<u>795.978.893</u>	<u>743.465.676</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	1.043.070.800	982.186.824
Orlof, breyting	16.644.614	10.721.285
Launatengd gjöld	235.291.724	223.322.855
Starfsmannakostnaður	17.592.772	11.747.831
	<u>1.312.599.910</u>	<u>1.227.978.795</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	122,9	120,5

Skýringar

	2020	2019
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	992.180	1.081.222
Byggingarvörur, almennar	704.300	11.791
Tæki og búnaður til innréttinga	0	220.594
Ýmis tæki og áhöld	3.325.273	1.731.645
Varahlutir og viðhaldsvörur	1.002.712	1.485.819
Orkugjafir	5.846.455	7.263.253
Matvæli	16.917.861	30.978.464
Almennar rekstrarvörur	3.292.712	4.290.946
Ýmsar sérgreindar vörur	163.496	16.716
Vörukaup, almenn	32.244.989	47.080.450
Fundir, námskeið, risna	1.097.104	2.948.258
Ferðir, uppihald	278.601	2.802.905
Akstur	818.732	1.432.781
Sérfræðiþjónusta	288.978.721	260.078.927
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	3.365.608	2.903.273
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	3.422.828	2.994.846
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	8.860.745	13.461.683
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	306.822.339	286.622.673
Samningsbundin kaup og leiga	5.615.108	4.782.160
Afnotagjöld	17.425.887	24.405.558
Leigugjöld	155.284.761	150.703.577
Notkun véla og flutningatækja	1.277.816	780.060
Verkkaup	35.142.162	14.045.636
Kostnaðarhlutdeild	118.244.858	122.555.375
Áhættutap og bætur	4.520	52.558
Tryggingar, lögboðnar	88.814	73.677
Opinber gjöld	58.144	135.212
Tilfærslur	25.000	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	333.167.070	317.533.813
Annar rekstrarkostnaður samtals	672.234.398	651.237.839
	2020	2019
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	14.970.252	16.928.569
Farartæki og vélar	912.949	1.491.151
Sölutap og úreltar eignir	3.221.687	0
	19.104.888	18.419.720

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	55.433.707	61.309.023
Farartæki og vélar	6.042.672	11.724.152
	<u>61.476.379</u>	<u>73.033.175</u>
Verk í vinnslu	14.901.280	0
	<u>14.901.280</u>	<u>0</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2020	122.922.745	16.098.998	139.021.743
Viðbætur á árinu	9.699.981	0	9.699.981
Selt/niðurfært á árinu	(745.621)	(7.164.667)	(7.910.288)
	<u>131.877.105</u>	<u>8.934.331</u>	<u>140.811.436</u>
Afskriftir 1.1.2020	61.613.722	4.374.846	65.988.568
Selt/niðurfært á árinu	(140.576)	(2.396.136)	(2.536.712)
Afskrift ársins	<u>14.970.252</u>	<u>912.949</u>	<u>15.883.201</u>
	<u>76.443.398</u>	<u>2.891.659</u>	<u>79.335.057</u>
Staða 31.12.2020	<u>55.433.707</u>	<u>6.042.672</u>	<u>61.476.379</u>

	31.12.2020	31.12.2019
9 Tengdir aðilar		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	21.501.877
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	84.381.066	0
	<u>84.381.066</u>	<u>21.501.877</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	24.694.787	31.946.073
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	56.968.753	20.857.531
	<u>81.663.540</u>	<u>52.803.604</u>

10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Skattar	30.669.017	0
	<u>30.669.017</u>	<u>0</u>

11 Handbært fé

Veltureikningar	238.276.696	62.991.335
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	4.427	3.683
	<u>238.281.123</u>	<u>62.995.018</u>

Skýringar

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(30.718.506)	12.727.966
Afkoma ársins	58.015.882	(43.446.472)
Jöfnuður 31.12.	27.297.376	(30.718.506)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

13 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Ógreitt orlof	126.029.076	109.384.462
Önnur ógreidd gjöld	1.352.151	7.218.000
	127.381.227	116.602.462

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	76.377.659	73.033.175
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	17.243.465	1.562.838
	93.621.124	74.596.013

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	73.033.175	1.562.838	74.596.013
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	38.000.000	38.000.000
Bókfært verð seldra eigna	(2.151.889)	2.151.889	0
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	129.999	129.999
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	9.699.981	(9.699.981)	0
Fjárfesting í verk í vinnslu	14.901.280	(14.901.280)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(19.104.888)	0	(19.104.888)
	76.377.659	17.243.465	93.621.124

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 11,9 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 155,5 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 217,2 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.